

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 13:30 fimmtudaginn 11. desember 2025, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Ármann Örn Gunnlaugsson, Edda Hrund Skagfield Guðmundsdóttir, Hlynur Jóhannsson, Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, Örn Arnarson og Tómas Árdal varamaður. Sara Sigmundsdóttir og Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður boðuðu forföll. Starfsmenn: Halldór Óli Kjartansson starfandi framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinnsson.

Formaður setti fund og fól svo framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

Dagskrá:

1 Staða verkefna og starfsemi

Halldór fór yfir stöðu helstu verkefna MN.

Halldór sat fund European Travel Commission (ETC) sem bauð gestum í fyrsta sinn inn á sinn fund sem haldin var í Reykjavík. Þar tók ráðherra til máls og tilkynnti í fyrsta skipti áherslur ríkisstjórnarinnar í ferðapjónustu gróflega. Ein af lykil áherslum er flug og meirihluti fjárlaganefndar hefur lagt til viðbótarframlag í Flugþróunarsjóð upp á 100mkr sem stækkar sjóðinn í sa. 340mkr. Á fundinum komu fram sterk tenging inn á svæði þvert á Evrópu og Ferðamálastofa tók það nesti með sér af fundinum að áfangastaðastofur gegna mikilvægasta hlutverkinu í ábyrgri þróunar samfélaga.

Mannamót – Skráningar ganga vel en við þurfum að ná inn sirka 10 fyrirtækjum í viðbót sem við reiknum með að komi. Ferðapjónustuvikan hefur enn ekki auglýst dagskrá en við erum fulltrúar í þeim hóp. Mannamót er stærsti viðburðurinn sem haldinn er í vikunni og við höldum sjó þar.

Starfsfólk MN hefur verið að sækja Rastjár verkefni sem endurmenntunar og í leiðinni samstarfsvettvangur markaðsstofanna. Námskeiðið er greitt af stofnaðilum Ratsjárinnar. Reiknað er með einum lokafundi þar sem öll hittast miðlægt og er það á kostnað þátttakenda.

Markaðsverkefni með Digido er farið af stað. Verkefnið sett af stað í tengslum við Auroras og léttir einnig á Halldóri tengslum við birtingarvinnu. Frekari upplýsingar af Auroras verkefni hafa ekki borist en við höldum okkar stefnu.

Við boðuðum til funda í tengslum við gervigreind og önnur verkefni. Það náðist ekki þáttaka í alla fundi en töldum samt gott að fólk fái tækifærið til þess að hitta okkur innan svæða eins og alltaf og það hefur leitt í för með sér samtöl sem er af hinu góða. Fundirnir voru að hluta til framhald af haustfundi Norðurstrandarleiðar.

MN hélt fund 3. desember með SSNV í Miðgarði, Varmahlíð í tengslum við þróun á þjónustukjarna (e. Hub development). Á fundinum var einnig kynning á átaksverkefninu sem bar vinnuheitið Rúbínleiðin sem við erum að vinna með SSNV. Stýrihópur er að þróa verkefnið í þá áttina að áherslur stefnumótunar Norðurlands vestra sé unnar áfram og úr því verði aðgerðir. Sveinbjörg greindi frá því að formaður SSNV hafi setið fundinn og lýst yfir mikilli ánægju með hann.

Sveitarfélagið Skagafjörður og Ferðamálafélag Skagafjarðar eru samstarfaðilar MN í þjónustukjarnaverkefninu og það er einnig búið að tryggja því fjármagn. Samtal er hafið um þjónustukjarnaverkefni á fleiri svæðum, en það samtal er styttra á veg komið.

Við erum að leggja til við MAS að Hæfnissetrið setji markvissari fókus á sitt starf. Okkar tillaga til MAS er að nýta þá krafta í sértækt verkefni varðandi menningar og sögutengda ferðapjónustu með það að

markmiði að efla færni á þessu sviði innan fyrirtækja og stofnanna sem gæti leitt til frekari sóknar og samstarfs á landsvísu.

Stöðufundur með Ferðamálstofu er afstaðinn og gekk vel. Fundurinn er hluti af okkar samningi og við skilum svo í kjölfarið af okkur starfsáætlun í febrúar fyrir næsta ár. Sú vinna er hafinn en mótast núna á næstu vikum og mánuðum. Hún er í takti við okkar starf og áherslur.

MN hefur borist umsókn um aðild að Markaðsstofunni frá fyrirtæki sem uppfyllir ekki að fullu skilyrði um að vera með starfsstöð á Norðurlandi. *Stjórn samþykkir að fresta ákvörðun um afgreiðslu umsóknarinnar til næsta fundar. Framkvæmdastjóra falið að vinna minnisblað fyrir stjórn.*

Unnið er að verkefnislýsingu fyrir skemmtiferðaskipa verkefni sem við sækjum um stuðning við til sambanda sveitarfélaga á svæðinu. Meðfram þessari vinnu erum við í virku samtali MAS og Cruise Iceland. Cruise Iceland hefur lýst yfir áhuga á að starfa með Markaðsstofunum og í þessari vinnu hafa forstöðumenn verið að vinna að viljayfirlýsingu um samstarf.

Fjárlög ríkisstjórnarinnar eru ekki til þess fallin að auka vægi ferðaþjónustu. Gjaldaliðurinn er að lækka og tekjuhliðin á einnig að hækka talsvert í beinum skatttekjum.

2 Fjármál

Halldór fór yfir stöðuna á fjármálum og áætlun 2026.

Áætlun er í takti við fyrra ár enda er fjármögnun góð og stefnir í stærsta rekstar ár MN ef áætlun gengur eftir.

Áætlun 2026 samþykkt af stjórn.

3 Flugverkefni

Hjalti gerði grein fyrir því helsta sem er í gangi varðandi millilandaflug.

HUB verkefni – Unnið er að þróunarverkefni sem snýst um þjónustukjarna í ferðaþjónustu (e. sustainable hub development). Verkefnið er unnið í samstarfi við Voigt Travel og Kontiki sem koma að verkefninu með ráðgjöf. Undirbúningur er í fullum gangi og ætlunin er að halda vinnustofur á nokkrum mögulegum kjarnasvæðum á næsta ári, þ.á.m. í Skagafirði eins og áður var greint frá.

Niceair 2.0 – Þjóðverjinn Martin Michael hefur boðað til blaðamannafundar næsta þriðjudag, þar sem hann mun tilkynna um áform um millilandaflug til AEY. Hann hyggst nota Niceair nafnið. Flugklasinn hefur lítið komið að þessu verkefni, en mun styðja það á sama hátt önnur sem auka millilandaflug um AEY.

easyJet – sala hefur gengið vel í haust og bókanir í vetur líta vel út. Nú þegar eru komin í sölu hluti af áætlun næsta vetrar sem er mjög ánægjulegt. Flugklasinn heldur áfram góðu samtali við easyJet.

Fjármögnun frá sveitarfélögum – Flugklasinn leitaði til sveitarfélaganna á Norðurlandi eftir fjármögnun til klasans fyrir næsta ár. Öll sveitarfélög á Norðurlandi vestra höfðuðu stuðningi, ásamt Norðurþingi. Átta sveitarfélög á Norðurlandi eystra hafa samþykkt stuðning en ekki hafa borist formleg svör frá tveimur.

Á borði ráðherra liggja tillögur frá stjórn Flugþróunarsjóðs um aukið fjármagn í sjóðinn, breytingar á reglum sjóðsins þannig að stuðningur geti verið lengri en til 3ja ára og aukna neytendamarkaðssetningu á nýjum gáttum landsins. Það skiptir miklu máli fyrir framtíðarþróun í millilandaflugi til Akureyrar að þessar tillögur stjórnar nái fram að ganga. Það lítur út fyrir að fjármagn til sjóðsins verði aukið sem eru frábærar fréttir. Vonandi verða hinar einnig samþykktar, því allir þeir aðilar sem standa fyrir flugi núna bíða svara við því hvort möguleiki sé á einhverjum stuðningi umfram þau 3 ár sem nú er miðað við.

MN tók þátt í PR verkefni með Akureyrarbæ og SSNE til þess að koma málefnum Akureyrarflugvallar og millilandaflugs um AEY í umræðuna. Líklega hefur það verkefni átt sinn þátt í að fjárlaganefnd lagði til herra framlag í Flugþróunarsjóð.

4 Önnur mál

Halldór greindi frá því að SSNV hefur tilnefnt Einar Eðvald Einarsson sem varamann í stjórn MN.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:55

Fundarritari: HPP